

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 307/2021

2024/EES/19/30

frá 29. október 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/891 frá 2. júní 2021 um að setja endurskoðuð frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar fyrir þriðja viðmiðunartímabilið (2020-2024) og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/903 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 549/2004 gildir ekki gagnvart Liechtenstein, með skírskotun til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006.
- 3) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/891 fellir úr gildi framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/903 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 66xi (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/903) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„**32021 D 0891**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/891 frá 2. júní 2021 um að setja endurskoðuð frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar fyrir þriðja viðmiðunartímabilið (2020-2024) og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/903 (Stjtið. ESB L 195, 3.6.2021, bls. 3).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/891, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 195, 3.6.2021, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 144, 3.6.2019, bls. 49.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.